

**Mál nr. 128/2024**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nöfn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Skráningarnúmer ökutækis (A)**

### Orsakatengsl. Sönnun.

#### **Gögn.**

1. Málskot móttakið 15. apríl 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. maí 2024 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. maí 2024 ásamt fylgiskjali.

#### **Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að hinn 15. mars 2022 hafi M lent í umferðarslysi og hlotið af því líkamstjón. Hafi atvik verið þau að bifreiðinni A var ekið á B en M var farþegi í þeirri síðarnefndu. Ekki virðist ágreiningur um að ökumaður A hafi átt sök á umræddum árekstri. V hafi hafnað bótaskyldu, þrátt fyrir að hafa fallist á að standa sameiginlega með móður M, sem var ökumaður B umrætt sinn, að mati á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins hvað hana varðaði. Í kjölfar árekstursins hafi M, ásamt móður sinni, leitað á heilsugæslu og lýst verkjum í hálsi. Hafi hún fengið greininguna tognun/ofreynsla á háls hrygg. M hafi verið ráðlagt að taka íbúfen en svona verkir gætu tekið tíma að ganga til baka. M hafi leitað aftur til læknis hinn 7. nóvember 2022, en í millitíðinni hafi hún verið til meðferðar hjá osteopata. Við þá læknskemu hafi M lýst einkennum frá hálsi og hnakka í formi vöðvabólgu. M hafi ekki orðið fyrir öðrum slysum í millitíðinni, og engar skýringar, aðrar en umræddur árekstur, séu á einkennum hennar. Í nóvember hafi M ekki verið farin að finna fyrir bata og því hafi læknir ráðlagt meðferð hjá sjúkrahjálfa. Af hálfu M er vísað til hlutlægrar ábyrgðarreglu umferðarlaga en á grundvelli hennar þurfi M aðeins að sýna fram á tengsl milli notkunar A og þess tjóns sem hún telji sig hafa orðið fyrir. Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum sé ljóst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni. Þá eru gerðar alvarlegar athugasemdir við svokallaða PC-Crash skýrslu en um sé að ræða gagn sem V hafi aflað einhliða. Þá taki útreikningar ekki tillit til einstaklingsbundinna þátta s.s. aldurs, beinabyggingar, fyrra heilsufars og annarra slysa eða líkamsstöðu við árekstur en öll þessi atriði geti haft mikil áhrif á það hvort líkamstjón verði af árekstri. Þó höggið á bifreiðarnar sem slíkar kunni að hafa verið vægt segi það þá ekki alla söguna um höggkraftinn sem einstaklingar verði fyrir, en almennt sé viðurkennt að höggið sem verki á einstaklinga inni í bifreiðum sé margfalt meira en á bifreiðarnar sjálfar. Vísar M þá til dómafordæma máli sínu til stuðnings. Hvað varði það að nokkur tími hafi liðið milli fyrstu og annarrar komu M til læknis þá sé ekki óeðlilegt að nokkur tími liði milli heimsóknna, enda eðlilegt að telja að einkenni liði hjá, með þolinmæði og töku bólgueyðandi lyfja. Eftir standi að M, sem sé barn, hafi leitað allra ráða til að ná bata, m.a. með umfangsmiklum meðferðum hjá sjúkrahjálfa, en sé enn með einkenni sem komu til í kjölfar slyssins og verði ekki rakin til annarra þátta.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, kemur fram að um lágorkuárekstur hafi verið að og staðfesti niðurstöður fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu það að árekstur hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda líkamlegum einkennum. Leggi það auknar kröfur á tjónþola um að sanna tjón sitt og orsakatengsl. Telur V að slík sönnun sé ekki til staðar. Er vísað til þess að M hafi lýst afar ósértækum einkennum við fyrstu komu og hafi þá verið með eðlilega hreyfigetu án allra áverkamerkja. Við næstu komu hafi M lýst því að hún hafi verið einkennalaus framan af en svo hafi einkenni tekið sig upp um mánuði eftir áreksturinn. Sjúkragögn málsins séu afar óljós og sanni með engu móti orsakatengsl einkenna M við áreksturinn, en um sé að ræða ósértæk einkenni sem kunni að vera rakin til álags, rangrar líkamsbeitingar eða annarra þátta.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að M hafi frá upphafi fengið þau tilmæli frá lækni að vera þolinmóð enda tæki langan tíma að jafna sig á „whiplash“ áverka og tæki það vinnu og þolinmæði og markvissar æfingar. Væri því ekki óeðlilegt að nokkur tími hafi liðið milli fyrstu og annarrar komu M til læknis vegna einkenna frá árekstrinum. Frá slysdegi hafi M hins vegar fundið fyrir verkjum í hálsi og brjóstbaki sem ekki hafi lagast þrátt fyrir sjúkrahjálfun og meðferð osteopata og treysti sér nú ekki lengur til að sinna áhugamálum sínum. Bendi skráningar í sjúkraskrá M þá til þess að M hafi verið

nokkuð fjarverandi frá skóla og leikfimi og sé það að einhverju eða öllu leyti að rekja til slyssins. Er áréttuð að sýnt hafi verið fram á orsakatengsl slyssins og þeirra einkenna sem M reki til þess.

### Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 15. mars 2022. V lét vinna skýrslu um um útreikninga á hraða og höggkrafti árekstursins, svokallaða PC-Crash skýrslu, og liggur hún fyrir nefndinni. Þó sú skýrsla lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af henni án þess að litið sé heildstætt til gagna málsins og einkum læknisfræðilegra gagna enda geta afleiðingar umferðaróhapps á heilsu fólks verið afar einstaklingsbundnar og ráðist af ýmsum þáttum, þrátt fyrir að litlir kraftar kunni að hafa verið að verki og ákoma á bifreiðar minni háttar.

Fyrirliggjandi er sjúkraskrá M vegna tímabilsins 15. mars 2022 til 19. mars 2024. Af samskiptaseðli heilsugæslu má ráða að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 16. mars 2022 og þá sagt að verkir í hálsi hafi komið fram stuttu eftir áreksturinn. Við skoðun var hreyfigeta eðlileg og engin áverkamerki að sjá. Var M greind með tognun í hálsi og fékk ráðleggingar um hvíld, inntöku bólgueyðandi lyfja og endurmat eftir þörfum. Við næstu komu til læknis 22. september 2022 kvartaði M undan verk í hnakka vegna vöðvabólgu og kom fram að hún hefði verið hjá osteopata vegna vöðvabólgu. Við komu til læknis 7. nóvember 2022 er skráð að M hafi verið einkennalaus fyrst eftir áreksturinn en svo byrjað að finna fyrir verkjum í hálshrygg og mjóbaki auk þess sem henni fundist hún festast í brjóstbaki. Var M þá greind með liðverki, tognun/ofreynslu í hálshrygg og tognun á brjósthrygg og fékk beiðni í sjúkrahjálfun. Fyrirliggjandi eru yfirlit meðferða sjúkrahjálfa og má greina af þeim að M hafi sótt reglulega sjúkrahjálfun frá 18. nóvember 2022 til 14. mars 2024. Næsta koma M til læknis þar sem minnst er á áreksturinn var 10. júlí 2023, en þar kemur aðeins fram að M glími við stoðkerfisvanda í kjölfar hans enda var tilefni komunnar annað. Við komu til læknis 26. september sama ár er aftur minnst á áreksturinn og við komu 6. október 2023 kemur fram að M sé enn mjög slæm af verkjum en verstu verkirnir séu í hálshrygg og brjóstbaki. Móðir M lýsti í þeirri komu óánægju með sjúkrahjálfarann sem var með M til meðferðar og fannst eins og hann reyndi að kenna fiðluleik M um verki hennar. Fékk M þá greiningu um „whiplash“ áverka. Þá liggur fyrir að M fékk vottorð vegna þátttöku í leikfimi í október 2023. Í nótu læknis dags. 6. október 2023 kemur þá fram að M hafi átt „sjö komur til læknis eftir slysið út af ýmsum óljósum einkennum.“ Þá er að finna fleiri nótur í sjúkraskrá þar sem vísað er til krónískra verkja. Fyrir liggur þá að M gekkst undir segulómum á hrygg í janúar 2024 og greindust engar sjúklegar breytingar.

Engin önnur læknisfræðileg gögn liggja fyrir nefndinni og ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um fyrra heilsufar M. Ekki liggur þá fyrir sérstakt læknisvottorð er fjalli með heildstæðum hætti um einkenni M, þróun þeirra og orsakatengsl við áreksturinn. Þrátt fyrir að M virðist þá hafa sótt meðferð hjá sjúkrahjálfa í a.m.k. eitt og hálf ár liggja engin frekari gögn, svo sem skýrsla sjúkrahjálfa, fyrir um þá meðferð. Þá virðist sem M hafi verið hjá osteopata, að því er fram kemur í sjúkraskrá vegna vöðvabólgu, en engin gögn liggja fyrir um þá meðferð. Verður þá að líta til þess að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja og rakin eru hér að framan má ráða að M hafi í fyrstu verið einkennalaus, og eins að það sé mat læknis að einkenni hennar séu óljós.

Það hvílir á tjónþola að sýna fram á það með gögnum að líkamstjón hafi hlotist af tilgreindu atviki. Eins og atvikum er hér háttað og með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Verður hún að bera hallann af því og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 24. september 2024.  
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir